



Alþingi
Erindi nr. **D 138/17**
komudagur 24.10.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. október 2009

0902074SA GB
Málalykill: 087

Efni: Breytingartillögur við matvælafrumvarp, 17. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vilja hér með koma á framfæri meðfylgjandi tillögum og ábendingum um breytingar á frumvarpi um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, sem nú er til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Tillögurnar einskorðast við þá þætti frumvarpsins sem lúta að verkaskiptingu Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og samræmingu matvælaeftirlits.

Undrum sætir hve lítið tillit hefur verið tekið til ábendinga sveitarfélaga á fyrri stigum málsins af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og vænta umsagnaraðilar þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd taki sérstakt tillit til þess að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ber stóran hluta ábyrgðar á framkvæmd matvælaeftirlits hér á landi.

Alkunna er að matvælaeftirlit hér á landi er með miklum ágætum og leggja sveitarfélögin áherslu á að þær breytingar sem gerðar kunna að verða á lögum um matvæli mega ekki verða til þess að grafa undan rekstrargrundvelli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Að áliti sveitarfélaganna er í frumvarpinu lögð alltof mikil áhersla á beint eftirlit Matvælastofnunar með einstökum fyrirtækjum en eðlilegra væri að leggja aukna áherslu á almennt samræmingar- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar gagnvart atvinnulífinu og öðrum eftirlitsaðilum.

Um ítarlegri rökstuðning fyrir tillögunum og frekari óskir um breytingar á frumvarpinu, sbr. einkum ákvæði 5., 7. og 11., 26. og 33. gr. frumvarpsins, vísast til umsagna sveitarfélaga, samtaka þeirra og stofnana sem sendar hafa verið nefndinni á fyrri þingum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit:
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Fylgiskjal

**Tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka
heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að breytingum
á matvælafrumvarpi sem lagt er fram á haustþingi.**

Almennar athugasemdir

Í frumvarpinu erlögð alltof mikil áhersla á beint eftirlit Matvælastofnunar með einstökum fyrirtækjum en eðlilegra væri að leggja aukna áherslu á almennt samræmingar- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar gagnvart atvinnulífinu og öðrum eftirlitsaðilum.

Alkunna er að matvælaeftirlit hér á landi er með miklum ágætum og leggja sveitarfélögin áherslu á að þær breytingar sem gerðar kunna að verða á lögum um matvæli mega ekki verða til þess að grafa undan rekstrargrundvelli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Jafnframt má frumvarpið ekki verða til þess að búa til ný grá svæði í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða valda óskilvirkni í eftirliti með fyrirtækjum sem framleiða eða selja matvæli.

Til þess að draga eins mikið og frekast er mögulegt úr þeirri óhagkvæmni sem frumvarpið mun hafa í för með sér leggja sveitarfélögin og heilbrigðiseftirlitssvæðin áherslu á að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd skoði sérstaklega ákvæði frumvarpsins um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með tilliti til þess hvort þau séu ónauðsynleg og dragi úr hagkvæmni í matvælaeftirliti. Jafnframt er lögð áhersla á það að í frumvarpið verði bætt skýrri heimild til þess að opinberir eftirlitsaðilar geti samið sín á milli um framsal tiltekinna eftirlitsverkefna ef ljóst þykir að slíkt muni leiða til aukinnar hagkvæmni.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 2., 3. og 8.gr.

Athygli er vakin á því að frumvarpið eyðir ekki þeirri óvissu sem hefur ríkt um það hvenær vara er lyf eða matvæli (fæðubótarefni) þegar varan innheldur lyf eða efni sem að Lyfjastofnun hefur flokkað sem lyfjavirkt, eitrað eða óæskilegt. Um þetta atriði vísast nánar til skilgreininga á matvælum og fæðubótarefnum í 3. og 5. tl. 3. gr. frumvarpsins.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með lyfjum og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftirlit með matvælum. Lyfjastofnun hefur ekki talið að þessar vörur séu ekki lyf þrátt fyrir að í Danmörku fari lyfjastofnunin með eftirlit með þessum vörum. Ekki verður séð að frumvarpið eyði þeirri miklu óvissu sem ríkt hefur um það hvaða eftirlitsaðili skuli hafa eftirlit með þessum vörum. Ef ætlunin er að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fari með þetta eftirlit er jafnframt gerð krafa um það að skýr úrræði séu til þess að banna sölu þeirra vara sem geta verið hættulegar fólki. Eðlilegra er þó að slíkt sölubann sé á valdsviði stofnana ríkisins til að ákvörðun gildi á landsvísu.

Í 8. gr. er orðunum: eða fæðubótarefni ofaukið því áður var í frumvarpinu búið að skilgreina fæðubótarefni sem matvæli. Að mati sérfræðinga er orðið fæðubótarefni raunar afar villandi enda felur það í sér vísbendingu um að þessi efni séu holl og jafnvel nauðsynleg þótt svo þurfi alls ekki að vera.

Um 4. gr.

Lagt er til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fari áfram með eftirlit með kjötvinnslum, öðrum en kjötvinnslum sem reknar eru í tengslum við sláturhús. Einnig er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fari áfram með eftirlit með mjólkurstöðvum.

Matvælaöryggi ESB leiðir ekki til þess að breyta þurfi fyrirkomulagi með almennum kjötvinnslum hér á landi og ekki verður annað séð en að sú breytta verkaskipting sem lögð er til í greininni muni leiða til umtalsverðs kostnaðarauka bæði fyrir atvinnulíf og hið opinbera.

Af hálfu ríkisins hefur einkum verið bent á að skv. reglugerð ESB nr. 854/2004 er gerð krafa um að svonefndar kjötstykkjunarstöðvar (e. *cutting plants*) lúti eftirliti eftirlitsdýralæknis. Af hálfu sveitarfélaganna er því alfarið mótmælt að af því leiði að nauðsynlegt sé að færa eftirlit með kjötvinnslum til Matvælastofnunar. Ef ástæða þykir til mætti hins vegar í 4. gr. taka fram að kjötstykkjunarstöðvar falli undir valdsvið MAST.

Hvað varðar mjólkurstöðvar hefur almennt eftirlit með þeim, bæði hvað varðar matvælaöryggi og mengunarvarnir, verið hjá heilbrigðiseftirliti. Matvælastofnun hefur hins vegar árlegt eftirlit með því að fyrirtæki uppfylli skilyrði um útflutningsvottun auk þess sem fulltrúi MAST hefur eftirlit með sendingum sem fara úr landi. Án efa væri hægt að einfalda þetta eftirlit og auka hagkvæmni, t.d. með því að fela heilbrigðiseftirliti að annast í umboði MAST eftirlit með útflutningi. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu mun hins vegar eingöngu auka óhagkvæmni í eftirliti. Á hinn bóginn myndi það leiða til aukinnar hagkvæmni í eftirliti að fela heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga eftirlit með fiskvinnslum en MAST hefur það verkefni nú með höndum.

Áhrif þessara fyrirhuguðu breytinga hafa ekki verið kostnaðarmetnar gagnvart sveitarfélögum þrátt fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga frá 30. desember 2005. Eru hér með ítrekaðar fyrri athugasemdir sveitarfélaganna um það atriði.

Um 6. gr.

Gerð er athugasemd við að í 5. mgr. 6. gr. er ráðherra veitt ákaflega rúm heimild til að undanskilja frá starfsleyfis- og tilkynningarskyldu aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni. Samkvæmt skýringum við frumvarpsgreinina virðist einkum gert ráð fyrir að undanþágan geti náð til frístundabænda. Er því lagt til að orðalag ákvæðisins verði gert skýrara um þetta atriði þannig að ljóst verði að undanþágan taki aðeins til þeirra sem stunda frumframleiðslu en ekki til annarrar matvælaframleiðslu.

Um 14. og 15. gr.

Í 15. gr. er opinberum eftirlitsaðilum heimilað að fela faggiltum aðilum að annast tiltekin eftirlitsverkefni á grundvelli samnings. Lagt er til að auk þessarar almennu framsalsheimildar verði sérstaklega kveðið á um heimild opinberra eftirlitsaðila til þess að semja sín á milli um verkaskiptingu eða almenna heimild til ráðherra sama efnis. Í því sambandi skal sérstaklega bent á að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga eru löggiltir eftirlitsaðilar og er ástæðulaust að krefjast þess jafnframt að þeir afli sér faggildingar. Með því móti væri unnt að auka umtalsvert hagkvæmni í opinberu eftirliti og fækka eftirlitsferðum.

Til að eftirlit verði eins skilvirkt og frekast er unnt er jafnframt lagt til að kveðið verði á um það í lögum að í þeim tilvikum sem slíkt framsal á sér stað milli opinberra eftirlitsaðila skuli framsalshafi hafa heimild til að beita viðurlögum og þvingunarráðstöfunum í samræmi við ákvæði matvælaalaga, nema annað sé ákveðið í samningi eða reglugerð.

Ef framangreind breyting nær fram að ganga telur sambandið ekki vera þörf á því í 1. mgr. 14. gr. að kveða á um úrskurðarvald ráðherra um verkaskiptingu milli MAST og heilbrigðisnefnda við eftirlit með matvælafyrirtækjum.

Um 17. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um gjaldtöku Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Að álitum sveitarfélaganna hefði verið heppilegra að skipta greininni upp í tvær greinar en að lágmarki er nauðsynlegt að gera á henni ákveðnar breytingar til að ljóst sé hvaða ákvæði greinarinnar gilda eingöngu um málsmeðferð við setningu gjaldskrár Matvælastofnunar. Ekki þarf að fjölyrða um að lagagrundvöllur fyrir gjaldtöku eftirlitsaðila þarf að vera afdráttarlaus. Jafnframt þarf að vera alveg ljóst hvort heilbrigðisnefndir geta áfram sett eina gjaldskrá sem fjallar bæði um eftirlitsgjald vegna matvæla- og mengunareftirlits.

Rétt er að taka fram að gjaldskrár heilbrigðiseftirlitssvæða taka mið af raunkostnaði fyrir eftirlit. Í því felst að fyrirtæki greiða eftirlitsgjald í samræmi við þann tíma sem eftirlitið tekur. Jafnframt er leitast við að jafna út kostnaði innan eftirlitssvæða þannig að fyrirtæki þurfi ekki að greiða hærra gjald af þeirri ástæðu að um langan veg er að fara fyrir eftirlitsaðila. Lögð er áhersla á að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd gæti sérstaklega að því hvort ákvæðum 4. og 5. mgr. 17. gr. er ætlað að gilda um setningu gjaldskráa sveitarfélaga en ekki verður annað séð af orðalagi þessara ákvæða en að þau fjalli fyrst og fremst um málsmeðferð við setningu reglugerðar og gjaldskrár um eftirlit Matvælastofnunar.

Um 33. gr.

Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir um að ef greinin verður lögfest óbreytt mun hún leyða til tvöfalds leyfiskerfis fyrir jarðgerðarstöðvar, en skv. lögum um meðhöndlun úrgangs er heilbrigðisnefndum sveitarfélaga falið það hlutverk að veita starfsleyfi fyrir slíka starfsemi. Jarðgerðarstöðvar þær sem starfa hér á landi taka að jafnaði við blönduðum lífrænum úrgangi og verður ekki séð að þörf sé á því að rekstraraðilar þurfi tvöfalt leyfi fyrir slíkri starfsemi.